

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Seltún

Seltún er innan Reykjanesfólkvangs. Helstu verðmæti svæðisins eru hverahrúður, hveraleir, hveragróður og litadýrð í hverasvæðum. Verndarmarkmið svæðisins er að viðhalda náttúrulegu ástandi jarðminja og gróðurs og tryggja náttúrulega þróun. Svæðið er vinsælt til útivistar allt árið um kring og er nýtt af göngufólki.

Framkvæmd

Seltún var heimsótt alls tvisvar sinnum yfir sumarið; þann 21. maí og 31. ágúst 2021. Aðalgöngustígur svæðisins var genginn í hvort skipti og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Notast var við spjaldtölvu til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri, jarðminjum og innviðum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublöð.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublöðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Neðra svæði Seltúns er með góðum innviðum líkt og uppbyggðum pöllum og upplýsingaskiltum. Á efra svæðinu skortir innviði, Efra svæðið er hins vegar ekki með mikið af innviðum. Þar er göngustígurinn ekki stikaður og hafa margir hentistígar myndast.



1. mynd. Upplýsingaskilti sem farið er að flagna.

Á neðra svæðinu var einn pallurinn brotinn. Þar þyrfti að endurnýja upplýsingaskilti sem farið var að flagna (sjá 1. mynd). Eitthvað hafði verið gengið utan stíga og á hverasvæðið.

Tókum við eftir því að talsverð gróðureyðing var vegna ágangs ferðafólks þar sem girðing fór langt inn á gróðurinn í stað þess að hún væri upp við stíginn (2. mynd). Engin ástæða er til þess að hafa girðinguna svo langt inn á gróðurinn.



2. mynd. Gróðureyðing vegna afgirðingar sem fer langt út af göngustíg inn á svæðið.

Stígurinn sem liggur upp á efra svæðið er í slæmu ástandi en reynt hefur verið að koma keðjum fyrir til að minnka hættu á því að fólk renni í drullunni. Þær virka þó ekki sem skyldi og lágu við upphaf stígsins. Slóði hefur myndast upp hlíðina í gegnum gróðurinn og er þar talsverð gróðureyðing (3. mynd). Undirlendið þar er einnig mjög hálft þar sem erfitt er að fóta sig í blautum hveraleirnum.

Efra svæðið er í slæmu ástandi en þar hafa margir hentistígar myndast, mikið álag er á gróðri og mikil drulla hefur myndast við hverasvæðið.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Ástand svæðisins hefur lítið breyst og vandamálin þau sömu frá því að NSV hóf vöktun á svæðinu árið 2020. Þar sem ekki hefur verið ráðist í nauðsynlega innviðauppbýggingu (eða lokun svæða) er þó hætt við að rask á svæðinu aukist, einnig eru hverasvæði síbreytileg og því má búast við að ný álagsvæði verði til eða þau færist úr stað ef breytingar verða á hveravirkninni. Því er lagt til að haldið verði áfram að vakta svæðið en vettvangsferðum fækkað úr tveimur í eina á hverju sumri.



3. mynd. Stígur sem liggur upp að efra svæði Seltúns.